



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um þingsályktunartillögu um lyfjastefnu til ársins 2022, þingskjal 501 - 372. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er dýrt að kaupa og innleiða ný lyf. Þá eru uppi áætlanir um að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi við innkaup, sem er skynsamlegt og hefði verið ástæða til að gera áður. Við höfum þegar dregist verulega aftur úr nágrennapjóðum okkar, sem hafa innleitt allt að þrisvar sinnum fleiri ný lyf sem hafa fengið markaðsleyfi frá Evrópsku lyfjamálastofnuninni á undanförunum árum.¹ Mikil þróun hefur átt stað í lyfjameðferð ýmissa sjúkdóma², en ef lyfin eru ekki innleidd versna lífsgæði landsmanna miðað við þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við. Því er alvarlegt þegar ekki gert ráð fyrir auknum lyfjakaupum í fjárlögum hvers árs. Árið 2016 var brugðist við með því að greiða fyrir innleiðingu nýrra lyfja af safnlið heilbrigðisráðuneytisins³ og í ár er ráðherrum falið að finna fjármagn til innleiðingar lyfja sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins 2017⁴. Það er ekki æskilegt að þurfa að grípa til slíkra ráðstafana á hverju ári. Ef íslenskum stjórnvöldum er alvara með því að bæta heilbrigðiskerfið á Íslandi, eins og áhersla var lögð á fyrir síðustu kosningar, er brýnt að gert sé ráð fyrir í lyfjastefnu til 2022 og fjármálaáætlun 2018-2022 að innleiðing nýrra nauðsynlegra lyfja verði fjármögnuð svo að við stöndum jafnfætis hinum norðurlandþjóðunum á tímabilinu.

Í kafla 3. um skynsamlega og hagkvæma notkun lyfja og greinargerð er fjallað um mikilvægi þess að sporna við mis- og ofnotkun lyfja, sem sé talsvert meiri en annars

¹ <http://www.frumtok.is/frettir-og-greinar/lesa-meira/nordmenn-innleida-threfalt-fleiri-ny-krabbameinslyf>

² <http://www.laeknabladid.is/tolublod/2015/10/nr/5608>

³ <http://www.ruv.is/frett/segja-lyfjamal-sambaerileg-og-a-nordurlondum>

⁴ <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/tryggt-verdi-fiarmagn-til-innleidingar-nvrra-lyfia>

staðar á Norðurlöndum. Lyfjamisnotkun á sér stað en ein ástæða ofnotkunar lyfja er ofgreining sem felur í sér óhóflega lyfjagjöf og þarf að skoða sérstaklega. Þá er æskilegt að eftirlit sé aukið með samræmdum gagnagrunnum og rafrænni umsýslu lyfjamála, sem læknum, og hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum nái tillaga þessi fram að ganga, verði gert skylt að nota. Lyfjameðferð einstaklinga verði á ábyrgð heimilislæknis viðkomandi.

Hins vegar er rétt að huga að mögulegum ástæðum þess að Íslendingar nota lyf í meira magni en frændþjóðirnar. Lítil áhersla hefur jafnan verið lögð á lýðheilsu og forvarnir í fjárlögum og áætlunum stjórnvalda. Íslenska heilbrigðiskerfið er viðbragðsdrifið og tekur oft ekki við sér fyrr en í óefni er komið fyrir einstaklinginn. Ungt fólk hefur haft lítinn aðgang að sálfræðipjónustu og félagslegum úrræðum vegna kvíða og þunglyndis og lengi hefur tíðkast að íslenskt launafólk þræli sér út á vinnumarkaði til að hafa í sig og á, og taki inn lyf til að geta þolað álag og verki, t.a.m. vegna gigtar, þar til líkaminn gefur sig. Aukningu örorkulífeyrisþega má af stærstum hluta rekja til geðraskana hjá ungu fólkum en stoðkerfissjúkdóma hjá fólkum yfir þrítugu. Þá hefur færst í aukana að fólk neiti sér um heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar. Í þingsályktunartillögu um fjármálaætlun 2018-2022 er sértaklega tiltekið að "...fjölgun öryrkja hafi verið umfram áætlanir"⁵ sem hafi falið í sér talsverða útgjaldaukningu. Með auknum forvörnum væri bæði hægt að spara gríðarlega fjármuni og fyrirbyggja örorku í mörgum tilfellum. Ekki síst myndi það að sporna við mis- og ofnotkun geð- og verkalyfja.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

Emil Thoroddsen
formaður málefnaþóps ÖBÍ um
heilbrigðismál

⁵ bls. 10